

Próunarsjóður Grunnskóla

Einstaklingsmiðað nám á grunni lýðræðis

Próunarverkefni í Stóru-Vogaskóli
Lokakýrsla
Kenninúmer: 20052-7F7OM-537-1

Verkefnisstjórar og höfundar skýrslu:
Inga Sigrún Atladóttir
Linda Sjöfn Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur.....	3
Markmið	3
Lýsing á verkefninu	3
Niðurstöður.....	5
Mat	6
Heimildir	7
Fylgiskjöl.....	7

Formáli

Verkefnið Einstaklingsmiðað nám á grunni lýðræðis var unnið í Stóru-Vogaskóla vetuinn 2005-2006. 12 kennarar á yngsta og miðstigi tóku þátt í verkefninu sem stóð allan vetuinn. Verkefnið er unnið í kringum hugmyndafræðina um einstaklingsmiðað nám og fjölbreytta kennsluhætti og var ætlunin að útfæra hugmyndafræði lýðræðis þannig að verkefniðið miði að því að lýðræðið sjálft, í sinni víðustu mynd verði bæði viðfang og markmið. Á þessum grunni er markmiðið að nemendur skipuleggji sjálfir nám sitt, setji sér markmið og taki þátt í mati á eigni námi. Til að vinna með hugmyndafræði lýðræðis enn frekar var unnið þemaverkefni um lýðræði.

Inngangur

Undirbúningur verkefnisins hófst vorið 2005. Þá heimsóttu allir kennarar skólans fjóra skóla sem störfuðu samkvæmt hugmyndafræðinni um einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Við val á skólunum var einnig lögð áhersla á að innan þeirra væri beitt lýðræðislegum vinnubrögðum í kennslu og námsmati. Heimsóttir voru: Salskóli, Korpuskóli, Vesturbæjarskóli og Víkurskóli.

Í kjölfar heimsóknanna fór af stað markviss umræða um einstaklingsmiðaða kennsluhætti og hver áhersla Stóru-Vogaskóla ætti að vera í framhaldinu. Í kjölfarið var gerð fjögurra ára áætlun um breytta kennsluhætti og er ætlunin að endurskoða námið og innleiða fjölbreyttari kennsluáferðir í öllum greinum á öllum stigum í lok tímabilsins.

Markmið

- Byggja upp skólasamfélag sem styður við hugmyndir um lýðræði og frelsi einstaklinga til framtíðar þannig að frjó umræða um hugmyndafræðina geti átt sér stað.
- Að nemendur verði tamar grunnhugmyndir lýðræðis.
- Að nemendur verði færir um að ræða saman um ýmis málefni og komast að lýðræðislegri niðurstöðu.
- Að vinna með markmið aðalnámskrá og móta þau með þeim starfsáferðum sem stuðla að því að hver einstaklingur geti notið sín.
- Að hver einstaklingur fái tækifæri til að takast á við námið á eigin forsendum, fái verkefni sem hann ræður við, en gerir um leið kröfur til hans og öðlist færni í að skipuleggja og meta vinnu sína.

Lýsing á verkefninu

Lagt var upp með þróunarverkefni til fjögurra ára og er sá hluti sem gert er grein fyrir hér er fyrsti áfangi (fyrsta ár). Fyrsta árið var ákveðið að leggja áherslu á list- og verkgreinar á yngsta stigi en íslensku og stærðfræði á miðstigi. Hugmyndin var að með þessu fyrirkomulagi var að öðlast sem víðtækasta reynslu innan skólans þannig að kennarar gætu miðlað hugmyndum sínum og skipulagi á milli stiga.

Stjórnendur skólans þar meðtaldir verkefnisstjórar fóru á slíkt námskeið hjá Ingvari sl. vetur. Ingvar var þó í leyfi frá kennslu þetta árið og fór því nokkur tími í fundi þar sem fjallað var um nýja kennsluhætti undir leiðsögn verkefnastjóra og var þar m.a. farið yfir

nokkra kafla úr bókinni "Leadership for Differentiating Schools and Classrooms" eftir Tomlinson og Allen.

Til að skapa umræðu um lýðræði og samvinnu í skólastofunni var ákveðið að halda námskeið um samvinnunám. Hanna Ragnarsdóttir lektor við KHÍ hélt 15 stunda námskeið um fjölmenningslega kennsluhætti þar var fjallað um CLIM aðferðina ásamt fjölgreindarkenningu Gardners. Námskeiðið var liður í að kynna fyrir kennurum skólans aðferð þar sem nemendum er markvisst kennd lýðræðisleg vinnubrögð og samvinna.

Á yngsta stigi voru þrepamarkmið aðalnámskrár í list- og verkgreinum ásamt Samfélagsfræði og náttúrfræði flokkuð í þemaverkefni. Tólf þemaverkefni voru keyrð á skólaárinu þannig að samfelld kennsla stóð yfir allan veturinn. Tók hvert þema 3-7 vikur eftir umfangi. Vorönnin hófst með sex vikna heildstæðu þemaverkefni um lýðræði (10 kennslustundir á viku) þar sem landnámsaðferð Herdísar Egilsdóttur var í brennidepli (Fylgiskjal 1). Farið var sögulega í stjórnskipun Íslands og nemendur síðan látnir vinna að uppbyggingu samfélags þar sem nemendur setja sig í hlutverk þingmanna og vinna eftir þeim lýðræðislegu vinnubrögðum sem alþingi Íslands byggir á. Inn í þemaverkefnið voru kennarar hvattir til að beita nýjum kennsluáðferðum og voru kaflar í bókinni Litróf kennsluáðferðanna eftir Ingvar Sigurgeirsson lesnir í þeirri vinnu.

Á miðstigi er lögð áhersla á að einstaklingsmiða kennsluna. Á stiginu hefur verið farin sú leið að samkenna árgöngum í íslensku og stærðfræði. Nemendum er skipt í hópa í samræmi við vinnufærni þeirra.

Á miðstigi var 5.-7. bekk blandað saman og skipt upp í fjóra hópa eftir verkfærni. Námssefninu var skipt niður eftir efnisþáttum með hliðsjón af markmiðum aðalnámskrár. (Skólaárinu var skipt í sjö lotur og voru þrjár kenndar á haustönn. Í hverri lotu var unnið að sömu viðfangsefnum með ólíkum áherslum eftir getu og áhuga nemenda. Í hópunum var nemendum kennt að gera áætlun yfir vinnu sína í vikunni. Áætlunin var gerð á fundi með kennurum og í lok hverrar viku var hún metin í samtali við kennara.

Hóparnir nefnast gulur, rauður, grænn og blár og hefur hver hópur ákveðna skilgreiningu sem kveður á um til hvers sé ætlast af nemandanum. Nemandinn getur skipt um lit á 5 - 6 vikna fresti og er þá tekið mið af verkfærni hans.

Gulur hópur

- nemendur fá einstaklingsnámskrá
- nemendur gera vinnuáætlun vikulega
- nemendur skila verkefnum í samræmi við vinnuáætlunina

Rauður hópur

- nemendur vinna grunnbækur og stefna að því að skilja námsefnið fremur en að ljúka mörgum verkefnum
- nemendur gera vinnuáætlun vikulega og skila verkefnum eigi síðar en að þeim tíma loknum
- nemendur auki vandvirkni sína við lausn verkefna

Grænn hópur

- nemendur vinna grunnbækur og vinnubækur
- nemendur skulu vinna hratt en skilja samt námsefnið
- nemendur gera vinnuáætlun vikulega og skila verkefnum eigi síðar en að þeim tíma loknum
- nemendur geri auknar kröfur til sín í skilum á heimavinnu – frágangur skal vera vandaður og auknar kröfur gerðar til lengdar og innihalds verkefna

Blár hópur

- nemendur vinna grunnbækur, vinnubækur og ítarefni
- nemendur vinna vinnubækur og ítarefni hratt og vel
- nemendur sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og hjálpist að við vinnuna
- nemendur gera vinnuáætlun vikulega og skila verkefnum eigi síðar en að þeim tíma loknum.
- nemendur skili mjög vandaðri heimavinnu og miklar kröfur eru gerðar til frágangs, lengdar og innihalds verkefna

Til að tryggja markvissa yfirferð námsefnis var ákveðið að skipta skólaárinu sjö lotur sem hver um sig varir í 5 – 6 vikur. Námsefninu í íslensku og stærðfræði var skipt niður eftir efnisþáttum með hliðsjón af þrepamarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Í hverri lotu er síðan unnið með einn eða fleiri námsþætti og fer það eftir umfangi þeirra (Fylgiskjal 2).

Á vorönn hófst markviss þjálfun nemenda á miðstigi í lýðræðislegum vinnubrögðum. Í þeirri vinnu var unnið eftir CLIM aðferðinni, sem leggur áherslu á að vinna með stöðu nemenda í hópnum, þannig að allir nemendur fái aðgang að námsferlinu. Grundvallar hugmyndin er m.a. að allir geti eitthvað, en enginn geti allt og að enginn hafi lokið verkefninu fyrr en allir hafa lokið því. Í fyrsta áfanga þessarar vinnu var farið í færniþjálfunar verkefni til að þjálfa samskiptahæfni nemenda og gera þeim kleift að koma skoðunum sínum á framfæri. Stuðst var við bókina Allir geta eitthvað en engin getur allt eftir Guðrúnu Pétursdóttur.

Allt starfsárið var haft náið samband við foreldra nemenda á yngsta og miðstigi. Í upphafi vinnunnar var haldinn kynningarfundur þar sem ítarlega var farið yfir verkefnið með foreldrum, einnig var hugmyndafræði verkefnisins kynnt í foreldraviðtölum í upphafi skólaárs. Foreldrar fengu reglulega sendar heim upplýsingar um frammistöðu nemenda í kennslustundum (Fylgiskjal 3) og einnig var ætlast til að þeir færu vikulega yfir áætlanir barna sinna og þar gátu þeir komið með athugasemdir um framkvæmd verkefnisins (Fylgiskjal 4).

Niðurstöður

Í heildina litið gekk verkefnið vel þó komu nokkrir annmarkar í ljós við framkvæmdina eins og vænta mátti. Helstu vandamálin á báðum stigum snéristu um hópaskiptingu nemenda. Í upphafi var á yngsta stigi lagt upp með að skipta í hópa í þemanáminu eftir getu í sumum verkeffum, áhugasviði í öðrum og tengslum nemenda innbyrðis í enn öðrum. Í ljós kom að slíkar hugmyndir mættu nokkurri gagnrýni í kennarahópnum. Markmiðin með slíkri skiptingu þóttu óljós og töldu kennarar að engin þörf væri að

skipta nemendum á svo fjölbreyttan hátt, helst þótti henta að skipta börnunum m.t.t. agamála. Einnig þótti skipting eftir áhuga, færni og getu milli bekkja of flókin vegna stundartöflugerðar og árekstra við aðrar greinar. Í samtölum við kennara kom í ljós að þessir hnökrar séu tilkomnir vegna þess hve miklar breytingar höfðu átt sér stað á hefðbundnu skólastarfi í skólanum á stuttum tíma, við höfum því enga ástæðu til að ætla að slíkt geti ekki gengið í framtíðinni.

Á miðstigi snérist vandinn um blöndun 5 – 7.bekkjara í hópaskiptingunni. Kennurum þótti þetta of mikil breidd í nemendahópnum og þótti erfitt að hafa yfirsýn yfir vinnu nemenda þar sem við fangsefnin voru svo fjölbreytt. Nú hefur verið ákveðið að á næsta ári verði eingöngu blandað saman tveimur árgöngum þá mun í sumum hópum blandast saman 5.og 6.bekkur en í öðrum 6. og 7.bekkur.

Í heildina litið gekk verkefnið vel. Kennarar voru almennt ánægðir þegar fram í sótti þó talsverð vinna hafi verið fyrir þá í upphafi að koma sér inn í vinnuferlið. Ákveðið hefur verið að halda þessu áfram næsta vetur og er nokkuð góð samstaða um það í kennarhópnum.

Til að kynna verkefnið héldu verkefnisstjórar fund með foreldrum auk þess sem skrifaðar hafa verið greinar í skólablaðið um framgang verkefnisins. Í upphafi hvorrar þemalotu á yngsta stigi hefur foreldrum einnig verið sendur bæklingur þar sem vinna barnanna á næstu vikum eru kynntar. Á heimasíðu skólans er gert grein fyrir verkefninu og þar er aðgengilegur meginhluti þeirrar vinnu sem unnin hefur verið.

Mat

Viðhorf kennara í skólanum hefur almennt verið jákvætt gagnvart verkefninu þó smávægileg vandamál hafi komið upp eins og lýst var hér að ofan.

Í samræmi við áherslu okkar á lýðræðisleg vinnubrögð og aukið val nemenda fór fram viðtæk endurskoðun á námsmati og mikil vinna fór í að útbúa tæki til að mæla viðhorf foreldra og nemenda til verkefnisins. Útbúinir voru matslistar sem hugsaðir voru til leiðsagnar í verkefnisstjórninni.

Mikil umræða um lýðræði í tengslum við mat nemenda fór fram í upphafi vinnunnar og var ákveðið að búa til sjálfsmatslist fyrir hvert stig. Á yngra stigi var áherslan á líðan, samvinnu og frammistöðu nemenda í hópvinnu auk þess sem þeir tjáðu sig um hvað þeim þótti skemmtilegast og hvað mætti bæta (sjá fylgiskjal 5). Á miðstigi mátu nemendur m.a. fyrirkomulag kennslu, frammistöðu sína og líðan (sjá fylgiskjal 6). Þar sem nemendur á miðstigi unnu að áætluanagerð gafst þeim einnig kostur á að meta hvernig til tókst varðandi hana. Á yngra stigi voru sjálfsmatslistar sendir heim eftir hvert þema en á miðstigi fór matið fram í lok annar.

Liður í endurskoðun námsmatsins var að gera námsmatið sýnilegra og var unninn listi þar sem viðunandi og óviðunandi hegðun og vinnubrögð voru skilgreind. Í lok kennslustunda var farið yfir stöðu hvers nemanda, honum gerð grein fyrir mati kennarans og gefinn kostur á að leggja sitt til málanna.

Niðurstöður nemendamatsins sýndu að nemendur eru almennt ánægðir með fyrirkomulagið. Á mið stigi kom fram að nemendur í bláum hóði voru sérstaklega ánægðir með fyrirkomulagið. Helsta gagnrýnin sem kom fram var að nemendur voru ekki alltaf með vinum sínum í hópastarfi.

Foreldrar voru sömuleiðis ánægðir þó aðeins bæri á að þeir skildu illa hvað við værum að fara og aðeins bar á öryggi hjá þeim gagnvart nýju kennslufyrirkomulagi.

Kosnaður í verkefninum fór að mestum hluta í verkefnisstjórnun og kynningu á verkefninu. Við höfðum ekki fegnið það fjármagn sem við bjuggumst við í upphafi og því lenti hluti kostnaðarins á skólanum. Einnig urðu breytingar á námskeiðahaldi vegna fjarveru námskeiðshaldara og kaup á bókum til fræðslu voru einnig minni en áætlað var.

Verkefnið hefur haft mjög jákvæð áhrif á skólastarfið í heild, þetta hefur verið mikil hvatning fyrir fólkið og það hefur margt hvert nýtt tækifærið til að útvíkka hugmyndafræði sína og endurnýja sig í starfi. Einnig teljum við að það verkefni sem við unnum á yngsta og miðstigi hafi verið unglíngastígskennumurum hvatning til að taka upp breytta kennsluhætti á stiginu og er hafin vinna við undirbúning þess.

Þó niðurstaða verkefnissins í heild sé jákvæð þá er það okkar skoðun að það hafi tekið afar mikla vinnu, ekki bara í skipulagi og tíma heldur einnig það andlega álag sem fylgir því að innleiða breytingar í umhverfi sínu. Verkefnið er fyrir okkur einnig upphaf af stærra verkefni sem á vonandi eftir að heppnast vel og nýtast skólanum okkar í bættu skólastarfi um ókomna tíð.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla

Ingvar Sigurgeirsson; *Litróf kennsluaðferðanna*

Guðrún Pétursdóttir; *Allir geta eitthvað en engin getur allt*

Heimasíða Stóru-Vogaskóla: <http://www.storuvogaskoli.is/>

Carol Ann Tomlinson & Susan Demirsky Allan; *Leadership for Differentiating Schools & Classrooms*

Inga Sigrún Atladóttir

Linda Sjöfn Sigurðardóttir

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Yfirlit yfir þemaverkefni sem unnið var um lýðræði (yngsta stig).

Fylgiskjal 2: Yfirlit yfir skiptingu námsefnis í stærðfræði eftir efnisþáttum með hliðsjón af þrepamarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla (miðstig).

Fylgiskjal 3: Upplýsingar til foreldra og nemenda um frammistöðu nemenda í kennslustundum.

Fylgiskjal 4: Vikuáætlun nemenda á miðstigi

Fylgiskjal 5: Sjálfsmatslisti á yngsta stigi.

Fylgiskjal 6: Sjálfsmatslisti á miðstigi.

Fylgiskjöl eru send í viðhengi þar sem uppsetning þeirra er önnur en í skjali þessu.